

Vegna sumarleyfa og anna hefur ekki verið unnt að kveða upp þenna úrskurð fyrr.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja í máli þessu er vísað frá skiptaréttinum.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 17/1952:

**Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar
Lárussynir og Erlendur Einarsson og
Björn B. Björnsson**

gegn

**Jóni Kjartanssyni sýslumanni, Andrésí Á.
Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni.**

Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 30. ágúst þ. á., sem hingað barst 9. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn í fógetaðómi Skaftafellssýslu hinn 30. ágúst þ. á., þar sem hinn reglulegi fógeti, Jón Kjartansson, neitaði að víkja sæti í fógetaamáli varnaraðiljanna Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar á hendur sóknaraðiljum. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að víkja sæti í málinu svo og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljarnir Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar. Af hendi varnaraðiljans Jóns Kjartanssonar sýslumanns hafa engar kröfur verið gerðar.

Hinn 30. ágúst var fógætaðómur Skaftafellssýslu háður í Vík í Mýrdal af hinum reglulega fógæta, Jóni Kjartanssyni. Tekin var til meðferðar krafa varnaraðilja máls þessa, þeirra Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar, bænda í Kerlingardal, um, að lagt yrði lögbann við því, að sóknaraðiljar héldu áfram björgunarframkvæmdum á hrájárni, sem liggur sandi orpið á Dynskógafjöru, en járn þessu var varpað í sæ 1941 úr skipinu e/s Persíer, er strandaði fyrir fjöru þessari. Varnaraðiljarnir Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson telja sig hafa helgað sér járn þetta fyrir fjörueign sína. Sóknaraðiljarnir Lárussynir telja sig eiga björgunarrétt á því samkvæmt heimild frá Skipaútgerð ríkisins, sem öðlazzt hafi björgunarrétt á því eða jafnvel eignarrétt fyrir hönd ríkisins. Loks leiða sóknaraðiljarnir Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson ætlaðan rétt sinn til járnins af samningi við varnaraðiljana Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson, bændur í Kerlingardal.

Fyrir fógætaðómi kröfðust umboðsmenn sóknaraðilja, að fógæti viki sæti, þar sem hann hefði með afskiptum sínum af málinu sem yfirvald dregið taum þeirra Kerlingardalsbænda. Fógæti taldi þessa kröfu óréttmæta, og með því að rök hans fyrir synjun um að víkja sæti standa óhrakin, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum Andrési Á. Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni in solidum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Jóni sýslumanni Kjartanssyni verður ekki dæmdur kærumálskostnaður, þar sem hann hefur ekki krafizt hans.

Það athugast, að samningu hins kærða úrskurðar er áfátt að því leyti, að þar er ekki getið málsaðilja og málsatvik eru ekki nægilega rakin, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir, Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson, greiði varnaraðiljum Andrési Á. Pálssyni og Daníel

Guðbrandssyni in solidum kr. 300.00 kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Skaftafellssýslu 30. ágúst 1952.

Í máli þessu hafa umboðsmenn gerðarþola krafizt þess, að fógæti viki sæti, en umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því.

Telja umboðsmenn gerðarþola í fyrsta lagi fógæta hafa gerzt vilhallan í máli þessu. Halda þeir því fram, að fógæti hafi hlutazt til um, að um-
bjóðendur þeirra (Klaustursbræður) hafi horfið frá björgun, er þeir í upphafi hófu björgunaraðgerðir á Mýrdalssandi, og að hann hafi næsta dag leyft leiðangri á vegum Kerlingardalsbænda að hefja þar björgunar-
starf.

Sunnudaginn 27. júlí fór fógæti fram á, að umbjóðendur gerðarþola frestuðu að hefja björgunaraðgerðir á Mýrdalssandi til hádegis næsta dags, mánudagsins 28. júlí s.l., meðan hann biði eftir fyrirmælum frá dómsmálaráðuneytinu vegna kæru, sem borizt hafði frá Kerlingardals-
bændum á hendur umbjóðendunum út af aðgerðum þeirra á Dynskóga-
fjöru.

Önnur afskipti hafði fógæti ekki af máli þessu, og hafa umbjóðendur gerðarþola ekki getað sýnt fram á, að framkvæmd gerðar þessarar snerti á nokkurn hátt hagsmuni fógætans, og fullyrðingar þeirra um, að fógæti hafi verið eða sé vilhallur í máli þessu eru bæði rangar og órökstuddar
staðhæfingar.

Í öðru lagi krefjast umboðsmenn gerðarþola, að fógæti viki sæti vegna þess, að persónulegri ábyrgð sé lýst á hendur honum, sbr. rskj. 2, vegna töku þess járnns, sem þegar hefur bjargazt, í sína vörzlu, meðan ekki væri útkljáð um eignarrétt yfir járninu.

Þótt fógæti sem embættismaður — í þessu tilfelli sem lögreglustjóri — hafi haft önnur afskipti af máli því, sem hér um ræðir, þá verður ekki talið, að hann þurfi að víkja sæti af þeim ástæðum. Er því að álitu réttarins engin ástæða fyrir fógæta til að víkja sæti, og verður krafa umboðs-
manns gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Fógæti víkur ekki sæti í máli þessu.